



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Reykjavík 12. desember 2012.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Tilvísun yðar: Þskj. 174 – 173. mál 140. löggjafarþing.

Efni: Viðbótarumsögn Landssambands lögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996.

Vegna 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996

Um árábil hefur það verið eitt af megin stefnumálum Landssambands lögreglumanna (LL) að efla og styrkja menntun lögreglumanna í hvítvetna þ.a. hún verði jafnhæf og helst betri en það sem best gerist hjá frændþjóðum okkar á Norðurlöndunum sem og öðrum þeim löndum sem við viljum gjarnan miða okkur við hverju sinni. Helst þessi krafa LL vel í hendur við markmið Lögregluskóla ríkisins (LSR) um gæði menntunar þeirra lögreglumanna sem útskrifast frá skólanum hverju sinni.

Sem lið í þessu hefur LL lagt á það ríka áherslu að breyting verði gerð á inntökuskilyrðum í Lögregluskóla ríkisins, sem finna má í 38. gr. lögreglulaganna, í þá veru að í stað þess texta sem er að finna í d. lið og varðar menntun á framhaldsskólastigi komi inn ákvæði sem þetta:

„Hafa lokið að lágmarki stúdentsprófi, þ.e. 140 einingum, eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.“

Þetta atriði var rætt við þáverandi fjármálaráðherra, Steingrím J. Sigfússon, í kjölfar niðurstöðu gerðardóms haustið 2011.

Undir þessi sjónarmið LL tekur LSR heilshugar.

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Í þessu samhengi er rétt að geta þess hér sérstaklega að þann 13. janúar 2012 var gerð breyting á reglugerð nr. 48/2010 um Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu, með reglugerð nr. 007/2012.¹ Breyting reglugerðar nr. 48/2010 er svohljóðandi:

„1. tl. 1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Hafa lokið að lágmarki stúdentsprófi, þ.e. 140 einingum, eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri eða starfsþjálfun sem jafna má til slíks náms.“

Þá er það einnig skilyrði fyrir ráðningu í starf í slökkviliði að viðkomandi umsækjandi hafi iðnmenntun eða stúdentspróf.

Þá má einnig benda á þá staðreynd sérstaklega að nú nýverið var til umsagnar á vef Innanríkisráðuneytisins drög að reglugerð um umferðareftirlit Vegagerðarinnar.²

Í 3. gr. draga þessara er fjallað um hæfniskröfur þeirra sem ráðnir eru til umferðareftirlits á vegum Vegagerðarinnar:

„3. gr.
Hæfniskröfur.

Umferðareftirlitsmenn Vegagerðarinnar skulu vera löggiltir vigtarmenn. Þeir skulu að auki uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Vera andlega og líkamlega heilbrigðir.
2. Hafa ekki gerst brotlegir við refsilög; þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt um liðið frá því að það var framið.
3. Hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu framhaldsnámi með fullnægjandi árangri.
4. Hafa gott vald á íslensku.
5. Hafa aukin ökuréttindi til aksturs bifreiðar.

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum skv. 3. tölulið hafi eftirlitsmaður haldgóða reynslu af löggæslu eða sambærilegu eftirliti.“


¹ Reglugerð nr. 007/2012 um breytingu á reglugerð nr. 48/2010 Tollskóla ríkisins og ráðningu, setningu og skipun í störf við tollendurskoðun og tollgæslu (<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/6D19CDF99B648D1100257996000616F6?OpenDocument>)

² Auglýsing IRR um umsagnir um drög að reglugerð um umferðareftirlit Vegagerðarinnar: (<http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/28193>)

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Að mati LL og teknu tilliti til þess sem fram kemur hér að ofan er því ekkert sem mæli gegn því að breytingar verði gerðar á ákvæðum d. liðar 38. gr. lögreglulaga í þá veru sem hér er lagt til og beinlínis gerð um það skýlaus krafa af hálfu LL. Það er enda ljóst að enginn kostnaður mun fylgja slíkri breytingu.

Virðingarfyllst,



Snorri Magnússon, formaður LL

Afrit: Lögregluskóli ríkisins, c/o Arnar Guðmundsson, Krókháls 5b, 110 Reykjavík.